

Mat á stöðu leikskólans sem lærdómssamfélags

Skráðið númer frá 1-5 í miðjudálkinn miðað við hvar ykkur finnst þið vera.

1. **Forstig** – Skólinn hefur ekki hafið vinnu við þróun LDS
2. **Upphaf** - Skólinn hefur sett sér stefnu í anda LDS. Stefnan er ekki farin að hafa áhrif á starfið
3. **Innleiðing** - Hluti starfsfólks vinnur í anda LDS án þess að hafa fullan skilning á hugmyndafræðinni
4. **Þróun** - Þróun LDS er komin vel á veg starfsfólk skynjar ávinning af starfsháttum
5. **Sjálfbærni** - Skólinn hefur tileinkað sér aðferðir LDS og vinnur út frá þeirri hugmyndafræði

Veljið síðan 1-2 þætti úr hverjum flokki sem ykkur finnst þið standa vel í og tilgreinið hvað þarf til að viðhalda þeim árangri.

Veljið einnig 1-2 þætti úr hverjum flokki þar sem þið teljið ykkur þurfa að bæta og nefnið leiðir til úrbóta.

Breyting á grunntilgangi og menningu skóla		
1. Frá áherslu á aðferðir og skipulag		til áherslu á samstarf um nám
2. Frá áherslu á það sem var gert með börnunum		til áherslu á hvað börnin hafa lært
3. Frá því að útvega einstökum kennurum námskrár og leiðbeiningar með þeim		Til þess að stuðla að samstarfsmenningu í teyllum sem byggja upp sameiginlega skilning á grundvallaratriðum námskrárinnar
4. Frá áherslu á málefni sem eru utan skólans (höfum ekki vald á)		Til áherslu á skref sem starfsfólk getur tekið til að bæta starf skólans
5. Frá áherslu á það hvað við gerum		Til áherslu á árangur
6. Frá sjálfstæði		Til gagnkvæmni (vera innbyrðis háð)
7. Frá því að kvarta		Til áherslu á að leita lausna
8. Frá langtíma stefnumótun		Til skipulags sem leggur áherslu á smá skref og smáa sigra
9. Frá almennum og sjaldgæfum viðurkenningum		Til tíðra viðurkenninga sem skapar marga sigurvera

Breyting á námsmati og viðbrögðum ef nemendur sýna litlar framfarir

10. Frá lokamati sem er sjaldan	Til leiðsagnarmats sem er framkvæmt oft
11. Frá lokamati þar sem áherslan er á að greina börn með þroskafrávik	Til þess að nýta matið til að aðlaga starfshætti og viðfangsefni að þörfum barnsins
12. Frá námsmati sem notað er til að raða börnum eftir getu	Til námsmats sem notað er til að upplýsa og hvetja börn
13. Frá því að meta marga þætti sjaldan	Til þess að meta fáa þætti oft
14. Frá því að hver einstakur kennari meti	Til mats sem er þróað í samstarfi í teyllum
15. Frá því að hver einstakur kennari ákveði viðmið sem notuð eru í námsmati	Til þess að teymi setji skýr viðmið og sjái til þess að samkvæmni sé í námsmati allra teymismeðlima
16. Frá einhæfum námsmatsaðferðum	Til fjölbreyttra námsmatsaðferða
17. Frá því að hver einstakur kennari ákveði viðbragð í hverju tilviki	Til þess að til sé viðbragðsáætlun í skólanum sem tryggir stuðning við hvert barn
18. Frá fastsettum tíma og stuðningi við nám/þroska	Til sveigjanlegs tíma og stuðnings við nám/þroska
19. Frá því að „bíða og sjá“	Til þess að bregðast fljótt við með snemmtækri íhlutun

Breyting á vinnu kennara

20. Frá einangrun		Til samvinnu
21. Frá því að hver einstakur kennari skilgreini markmið starfsins (nám barna)		Til samstarfsmiðaðrar vinnu í teyllum sem skilgreina markmið starfsins (nám barna)
22. Frá því að hver einstakur kennari forgangsráði og setji upp viðmið um árangur		Til þess að teymi forgangsráði og setji upp viðeigandi viðmið um árangur
23. Frá því að hver kennari ákveði viðfangsefni		Til þess að teymi komi sér saman um viðfangsefni
24. Frá því að kennarar leiti leiða til að bæta árangur barna, hver í sínu horni		Til þess að kennarar hjálpi hver öðrum sameiginlega að bæta árangur allra barna
25. Frá því að starfsaðferðir kennara séu einkamál		Til þess að litið sé á starfsaðferðir hvers og eins kennara sem framkvæmd á stefnu skólans og skipti alla í skólanum máli
26. Frá því að ákvarðanir séu teknar á grundvelli óska einstaklings		Til þess að ákvarðanir séu teknar út frá sameiginlegum grunni sem byggir á þekkingu á því sem best gerist
27. Frá samstarfi um málefni sem koma árangri barna ekkert við		Til samstarfs sem beinist eingöngu að málefnum og spurningum sem hafa mest áhrif á árangur barna
28. Frá viðhorfinu "þetta eru mín börn og þessi eru þín"		Til viðhorfsins "þetta eru börnin okkar"

Breyting á starfsþróun		
29. Frá námi og þjálfun utan aðstæðna s.s. vinnustofur og námskeið		Til aðgerðabundins náms í starfsaðstæðum
30. Frá væntingum um að nám eigi sér stað sjaldan og það á sérstökum starfsdögum		Til væntinga um að nám sé stöðugt ferli og órjúfanlegur þáttur af starfinu
31. Frá fyrirlestrum fyrir allan starfsmannahópinn		Til starfendarannsókna sem teymi framkvæma
32. Frá því að læra með því að hlusta		Til þess að læra með því að framkvæma – taka þátt
33. Frá því að læra sem einstaklingur á námskeiðum eða vinnustofum		Til þessa að læra í gegnum starfið með samstarfsfélögum í teymi
34. Frá því að meta árangur starfsþróunar með því að kanna hvernig starfsmanninum fannst hún		Til þess að meta hvort starfsþróunin skilaði sér í bættem árangri í námi barna
35. Frá skammtíma áherslu á mörg verkefni og þætti sem á að þróa		Til stöðugar áherslu á fá atriði sem skipta miklu fyrir árangur barna

Úr bókinni Learning by doing: A handbook for professional learning communities at work. (DuFour, R., DuFour, R., Eaker, R., og Many, T. 2010).

Aðlagð að leikskólum af Rannveigu Oddsdóttur og Helgu Rún Traustadóttur, msHA, 2014